



Síminn

Sterkara samband  
við samfélagið

# Efnisyfirlit

Avarp Forstjóra – Síminn af ábyrgð í samfélaginu .....	3
Starfsemin og stefnan .....	4
Áherslur í samfélagsábyrgð .....	4

## Samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

Festa .....	6
UN Global Compact .....	6
Jafnréttissáttmáli UN Women og UN Global Compact .....	6

## Örugg og fagleg þjónusta

Innviðir og dreifing .....	7
Fagmennska og heiðarleiki .....	8
Sátt við Samkeppniseftirlitið .....	8
Öryggi og aðgengi .....	9
Netöryggi barna og ungmenna .....	9
Öryggi í umferðinni .....	10
Gott aðgengi að tækni og þjónustu .....	10
Ábyrg aðfangakeðja .....	10

## Mannauður

Aukin fræðsla .....	13
Öflug fyrirtækjamenning .....	13

## Umhverfisvernd

Umhverfisvernd starfsmanna .....	15
Samgöngusamningur .....	15
Umhverfisvernd í samfélaginu .....	15
Græn framtíð farsíma .....	16
Farsímasöfnunaráttak .....	16
Fókus á umhverfismál 2014 .....	16

## Samfélagsþátttaka

Stuðningur við fjölbeytt samfélagsverkefni .....	17
Höldum fókus .....	18
Fókus á samfélagsmál 2014 .....	18

## Síminn af ábyrgð í samfélaginu

Árið 2013 markar tímamót í sögu Símans þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Þetta er árið sem Síminn ritaði undir UN Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Þetta mikilvæga skref átti sinn aðdraganda: Samfélagsábyrgð varð hluti af stefnu Símans árið 2008 og árið 2011 var Síminn meðal stofnenda Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð. Síminn hefur stigið taktföst skref í átt að meðvitaðri samfélagsábyrgð síðustu ár enda gera stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins sér fulla grein fyrir mikilvægu hlutverki fjarskipta í samfélaginu. Síminn stuðlar að samskiptum og upplýsingaflæði sem skapa tækifæri til búsetu og atvinnulífs í gegnum fjarskipti og afþreyingu. Öflug fjarskipti og samskipti við umheiminn eru jafnframt lykilþáttur þegar horft er til samkeppnishæfni þjóða.

Með aðild að alþjóðasamningi er mikilvægi stefnunnar innsiglað. Hún undirstrikar að hjá Símanum gerum við okkur grein fyrir því að það er ekki samnefari að gegna samfélagslega mikilvægu hlutverki og að rækja hlutverk sitt af samfélagsábyrgð.

Síminn axlar þessa ábyrgð með því að samþætta siðferðislega, umhverfislega og félagslega þætti í daglega starfsemi sína. Síminn tekur einnig þátt í samfélaginu á margvíslegan hátt og hefur valið að styðja við mörg góð verkefni í samfélaginu með þjónustu og þekkingu starfsfólks. Auk þess hvetur Síminn starfsfólk sitt til að láta gott af sér leiða. Á árinu tók starfsfólkið til dæmis þátt í söfnunarhlaupinu Meðan fæturnir bera mig, samdi lag og lagði þannig sitt af mörkum til Geðveikra jóla og tók annað árið í röð þátt í vitundarvakningu meðal framhaldsskólanemenda um tækifærin sem felast í tæknimenntun.

Við erum stolt af því að Síminn undirritaði UN Global Compact sáttmálann, fyrstur íslenskra fjarskiptafyrirtækja. Síminn heitir áframhaldandi stuðningi við tíu viðmið Global Compact á sviði mannréttinda, vinnuverndar, umhverfismála og aðgerða gegn spillingu. Auk þess hefur Síminn undirritað Jafnréttissáttmála UN Women.

Í þessari fyrstu samfélagsskýrslu Símans lýsum við því hvernig samfélagsábyrgð er komin inn í viðskiptasýn okkar, fyrirtækjamenningu og daglega starfsemi. Með markvissri innleiðingu vill Síminn halda áfram að vera í fremstu röð íslenskra fyrirtækja á sviði samfélagsábyrgðar.

**Orri Hauksson**  
forstjóri Símans



Orri Hauksson, forstjóri Símans

## Starfsemin og stefnan

Síminn er reynsluríkt og leiðandi íslenskt fyrirtæki sem eflir samskipti og afþreyingu með fjarskipta- og upplýsingatækni. Síminn á rætur sínar að rekja til ársins 1906 og er saga fyrirtækisins því samtvinnuð sögu þjóðarinnar. Síminn býður talsíma- og farsímaþjónustu, internetþjónustu, sjónvarpsþjónustu, gagnaflutningsþjónustu og UT þjónustu. Alls eru 527 stöðugildi hjá Símanum. Frá árinu 2005 hafa Skipti verið móðurfélag Símans og önnur dótturfélög hafa verið: Míla, Skjárinn, On-Waves, Staki, Radiómiðun, Talenta og Sensa. Í ársbyrjun 2014 var rekstur Símans og Skipta sameinaður en sameiningin var gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Undanfarin misseri hefur verið skerpt á stefnu Símans til að koma enn betur til móts við þarfir viðskiptavina. Auðgum lífið er stefnan. Gildi Símans – skapandi, áreiðanleg og lipur – tryggja lykilhæfni hans: **Sterkara samband.**

## Áherslur í samfélagsábyrgð 2013-2016

Samfélagsábyrgð kom inn í stefnu Símans árið 2008 og varð enn sýnilegri í endurskoðaðri stefnu á árinu 2013 með sérstakri samfélagsvídd.

Málaflokkurinn hefur þó snertifleti við aðrar víddir í stefnunni og þar með alla starfsemi fyrirtækisins. Þetta kemur skýrt fram í áherslum Símans í samfélagsábyrgð sem settar voru fram á árinu 2013 og veita heildstæða sýn á helstu verkefni og markmið Símans í þessum málaflokki. Frá miðju ári 2013 tóku framkvæmdastjórn Símans, forstöðumenn og fleiri þátt í vinnunni við að setja áherslurnar saman og voru þær samþykktar í stjórn í nóvember.

Áherslurnar tengja kjarnann í starfseminni við ábyrgð gagnvart fólki og umhverfi. Með þeim einsetur Síminn sér að hafa ábyrga starfshætti og langtímahugsun að leiðarljósi í störfum sínum. Þetta skapar virði fyrir fyrirtækið sjálft, samfélagið og umhverfið. Í kjölfarið er hafin markviss innleiðing á áherslunum með aðgerðum og árangursmati sem nær til áranna 2013-2016. Í innleiðingunni er tekið mið af tíu viðmiðum Global Compact verkefnis Sameinuðu þjóðanna og ISO 26000 sem er leiðbeinandi staðall um samfélagsábyrgð. Gerð er ítarlegri grein fyrir áherslunum og verkefnum þeim tengdum síðar í skýrslunni en þær eru í stórum dráttum þessar: Örugg og fagleg þjónusta, mannauður, umhverfisvernd og samfélagsþátttaka.

## Samfélagsábyrgð

.....

- Örugg og fagleg þjónusta
- Mannauður
- Umhverfisvernd
- Samfélagsþátttaka



## Samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

### Festa

Síminn er einn af sex stofnaðilum Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, sem sett var á laggirnar árið 2011. Síminn leiddi stofnun miðstöðvarinnar, fulltrúi Símans var fyrsti stjórnarformaður hennar og Síminn á fulltrúa í stjórn út stofntímabilið sem lýkur 2015.

Á vettvangi Festu geta fyrirtæki lært og miðlað bestu aðferðum við að innleiða ábyrga starfshætti. Festa vill jafnframt stuðla að vitundarvakningu um samfélagsábyrgð fyrirtækja og hvetur til rannsókna á viðfangsefninu í samstarfi við háskólasamfélagið. Opnað var fyrir almenna félagsaðild að Festu á árinu 2013 og á þriðja tug fyrirtækja og stofnana gerðust aðilar.

### UN Global Compact

Í apríl 2013 skrifaði Síminn undir UN Global Compact sem er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Með undirrituninni skuldbindur Síminn sig til að virða tíu alþjóðleg viðmið um samfélagsábyrgð og skila inn árlegum framvinduskýrslum um aðgerðir og árangur í þeim efnum. Viðmið Global Compact snúa að mannréttindum, vinnuvernd, umhverfisvernd og aðgerðum gegn spillingu. Síminn tekur einnig þátt í norrænu samstarfsneti UN Global Compact þar sem fyrirtæki á Norðurlöndum miðla sín á milli árangri og áskorunum í innleiðingu samfélagsábyrgðar. Fulltrúi Símans hélt erindi á fundi samstarfsnetsins sem haldinn var í Reykjavík í maí 2013.

### Jafnréttissáttmáli UN Women og UN Global Compact

Auk þess að rita undir UN Global Compact undirritaði Síminn í nóvember 2013 Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Sáttmálinn setur fram sjö viðmið um aukið jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna á vinnustöðum og í samfélaginu almennt. UN Women á Íslandi verður Símanum innan handar við að ákvarða markmið út frá sáttmálanum.

## Örugg og fagleg þjónusta

Þjónusta Símans er mikilvæg fyrir samfélagið og henni ber að sinna með ábyrgum hætti til að hún hafi jákvæð áhrif á samfélagið.

### Innviðir og dreifing

Samfélagslegt hlutverk Símans er fólgið í innviðum og uppbyggingu dreifikerfis og áherslu fyrirtækisins á að fjarskipti og upplýsingatækni gagnist samfélaginu.

Síminn byggir upp og stendur vörð um öfluga fjarskiptaþjónustu á Íslandi og eflir þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Með því að bjóða hagnýtar lausnir í fjarskiptum og upplýsingatækni skapast fjölbreytt tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki. Þjónusta Símans gerir fólki því kleift að komast í gott samband við samfélagið og taka þátt í þróun þess.

- Ljósnet komst á 53 nýja þéttbýlisstaði á landsbyggðinni á árinu. Síminn ákvað að uppfæra símstöðvar þessara staða svo að öll heimili í kílómetra línulengd frá símstöð fengju háhraðanet.
- Í mars tryggði Síminn sér 2x15 MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu í uppboði Póst- og fjarskiptastofnunar. Síminn er nú með 2x30 MHz á 1800MHz.
- Í apríl var samið við fjarskiptarisann Ericsson til fimm ára um uppbyggingu 4G kerfis til að efla dreifikerfið á landsvísu enn frekar. Einnig var samið um að efla 3G kerfið sem nær mest 42 Mb/s.
- Nítján 3G sendar af hraðvirkustu gerð voru settir upp fyrir sumarið. Þeir ná 42 Mb/s og eru tvöfalt hraðvirkari en hröðustu forverarnir.
- Í október var samið við Farice um að tryggja netsamband Símans við umheiminn til ársloka 2019. Síminn margfaldar bandbreidd úr landi miðað við það sem nú er.
- Í nóvember varð Sjónvarp Símans aðgengilegt í snjallsímum og spjaldtölvum með appi. Viðskiptavinir sækja appið í Play Store eða App Store og samtengja áskriftina að Sjónvarpi Símans.
- Í desember fór í loftið 4G fyrir farsíma á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Hraðinn var allt að 100 Mb/s við bestu aðstæður. Prófanir stóðu í rúman mánuð áður en viðskiptavinum var hleypt inn á kerfið.

## Fagmennska og heiðarleiki

Til að tryggja ábyrgan rekstur á öllum sviðum þurfa vinnubrögð innan raða Símans að einkennast af fagmennsku og heiðarleika. Áhersla er lögð á fagleg og heiðarleg samskipti og að komið sé fram af virðingu við alla hagsmunaaðila, hvort sem það eru viðskiptavinir, fjárfestar, fjölmiðlar, samstarfsfólk, birgjar, lánadrottinnar, samkeppnisaðilar eða aðrir samstarfsaðilar. Fagmennskan er einnig tryggð með framkvæmd áhættumata og ítarlegra úttekta reglulega.

Starfsemi Símans byggir á ábyrgum stjórnar- og starfsháttum og vinnu gegn hvers kyns spillingu. Siðareglur Skipta gilda fyrir Símann og voru samþykktar í september 2012. Öllum starfsmönnum Símans ber að kynna sér siðareglurnar og fylgja þeim. Ábendingar um brot á siðareglunum skulu berast siðanefnd Skipta sem er skipuð þremur aðilum og gætir nefndin fyllsta trúnaðar um ábendingar. Engar ábendingar bárust nefndinni á árinu. Farið hefur verið eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 4. útgáfa 2012. Yfirlýsingu þessa má nálgast á vef Skipta, [www.skipti.is](http://www.skipti.is).

Móðurfélagið Skipti hf. hefur innleitt samkeppnisréttaráætlun í starfsemi sína sem gildir fyrir móðurfélagið og helstu dótturfélög þess. Samkeppnisréttaráætlun Skipta hf. er hluti af skuldbindingum félagsins samkvæmt sátt sem gerð var við Samkeppniseftirlitið þann 8. mars 2013.

## Sátt við Samkeppniseftirlitið

Sterk staða Skiptasamstæðunnar á fjarskiptamarkaði og lóðrétt samþætting fyrirtækjanna hafa beint augum samkeppnisyfirvalda að félaginu á undanförunum árum auk þess sem keppinautar fyrirtækisins hafa sent inn tugi kvartana til eftirlitsstofnana. Sem betur fer lýkur slíkum málum oftast án þess að til aðgerða eftirlitsstofnana þurfi að koma. Engu að síður hefur starfsemin markast af samkeppnismálum á undanförunum árum.

Skipti og Samkeppniseftirlitið gerðu í mars með sér sátt um að ljúka í einu lagi málum sem verið höfðu til athugunar Samkeppniseftirlitsins og varða Símann. Sáttin hefur það að markmiði að tryggja jafnan aðgang að grunnkerfum fjarskipta á Íslandi en elstu málin áttu rætur að rekja til ákvarðana sem teknar voru þegar Síminn var enn ríkisfyrirtæki.

Sáttin felur í sér breytta verkaskiptingu, breyttar verklagsreglur og aðgerðir af ýmsu tagi sem gripið verður til innan Skiptasamstæðunnar og ætlað er að auka samkeppni, jafnræði, gegnsæi og trúverðugleika á fjarskiptamarkaði. Liður í sáttinni var að Skipti féllust á að greiða 300 milljóna króna stjórnvaldssekt.



Sáttin við Samkeppniseftirlitið markar mikilvæg kaflaskil. Skipti munu tryggja fullan aðskilnað tiltekinna fjarskiptaneta samstæðunnar frá annarri starfsemi hennar auk þess sem mikilvægar heildsöluafurðir, sem áður voru í boði hjá Símanum, færast til Milu.

## Öryggi og aðgengi

Þjónusta Símans á að vera örugg og aðgengileg í notkun. Áhersla er lögð á öryggi fólks þegar það notar þjónustu Símans og að tryggja örugga umsýslu gagna sem fyrirtækinu er treyst fyrir.

Öryggisstefna Símans er sett fram til að styðja við samfelldan rekstur og þjónustu og lágmarka þannig rekstraráhættu og hámarka öryggi upplýsingaeigna. Markmiðið með öryggisstefnunni er þríþætt: Kappkosta að þjónusta Símans sé ávallt aðgengileg fyrir viðskiptavinum, tryggja eins og kostur er öryggi upplýsingaeigna og búnaðar í eigu og vörslu félagsins. Búa starfsfólki og viðskiptavinum öruggt umhverfi.

Öryggisstefnan er endurskoðuð árlega og lögð fyrir og samþykkt af Gæða- og öryggisráði Símans, framkvæmdastjórn og undirrituð af forstjóra Símans. Liður í öryggisstefnu Símans er að vinna eftir vottun um stjórnkerfi upplýsingaöryggis skv. staðlinum ISO 27001:2005. Vottunin náði fyrst einungis til starfsstöðva á sviði upplýsingatækni í Ármúla 31. Eftir flutninga og sameiningu þeirra við starfsemina í Ármúla 25 í október var allri starfseminni þar skipt upp í fimm öryggissvæði til að halda vottuninni. Sú útvíkkun á vottuninni er hugsuð til frambúðar.

Síminn varð í nóvember fyrst íslenskra fjarskiptafyrirtækja til að bjóða upp á rafræn skilríki í farsíma. Öll ný SIM-kort frá Símanum urðu skilríkjahæf, rétt eins og debetkort. Fullgild rafræn skilríki hafa verið metin öruggustu auðkennin í boði fyrir almenning.

## Netöryggi barna og ungmenna

Síminn vill stuðla að því að börn og ungmenni, sem og aðrir, séu örugg gagnvart óæskilegu áreiti í gegnum þjónustuframboð fyrirtækisins, s.s. ofbeldisfullu efni og áreitni. Netvarinn er öflugt tæki fyrir heimili til að útiloka óæskilegt efni á netinu og ágætis viðbót við hefðbundnar vírusvarnir. Netvarinn er gjaldfrjáls þjónusta fyrir viðskiptavinum með internetáskrift hjá Símanum. Á árinu 2014 er stefnt að því að efla Netvarann enn frekar í takt við þarfir viðskiptavina.

## Markmið öryggisstefnu

.....

- Aðgengileg þjónusta
- Öryggi upplýsingaeigna
- Öruggt umhverfi

Síminn starfar með SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun en Heimili og skóli – landssamtök foreldra annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Síminn tók þátt í yfirgripsmikilli könnun SAFT um netnotkun barna og unglunga á Íslandi 2013 og studdi útgáfu og dreifingu netheilræða (saft.is/heilraedi). Fulltrúar SAFT njóta góðs af ráðgjöf sérfræðinga Símans á sviði netöryggismála og þróunar í fjarskiptum og upplýsingatækni.

### Öryggi í umferðinni

Síminn vill stuðla að því að fjarskipti fólks í umferðinni séu með öruggum hætti og gera fólki kleift að efla öryggi sitt og annarra í gegnum þjónustu fyrirtækisins. Verslanir Símans bjóða upp á gott úrval af handfrjálsum búnaði og vakin er athygli á því með reglubundnum hætti með kynningarefni.

Síðsumars setti Síminn í loftið árveknisátakið Höldum fókus í samstarfi við Samgöngustofu til að vekja athygli á mikilvægi þess að sleppa símnotkun undir stýri. Nánar er fjallað um Höldum fókus á bls.19.

### Gott aðgengi að tækni og þjónustu

Aðgengi að tækni getur verið misgott eftir færni fólks og fólk á einnig misauðvelt með að tileinka sér nýja tækni. Síminn leggur sig fram við að huga að þessu í vöruframboði sínu og þjónustu. Þannig er reynt að stuðla að því að tækifærin sem felast í þjónustu Símans standi sem flestum til boða og að fólk upplifi sig síður eftirbáta í samfélaginu.

Ókeypis snjallsímanámskeið Símans voru í boði allt árið 2013, alls 35 námskeið sem um 440 manns sóttu. Kennst var annars vegar á Apple tæki og hins vegar á Android. Á námskeiðunum var farið í gegnum helstu atriði sem gott er að vita auk þess sem mælt var með gagnlegum og skemmtilegum öppum. Fólk á öllum aldri sækir námskeiðin, en flest er það fimmtugt eða eldra.

Þjónustuvísitala Símans gefur vísbendingar um ánægju viðskiptavina. Þjónustuvísitalan mældist há allt árið 2013 og hafði aldrei fyrr mælst hærri en fyrir nóvembermánuð. Verslunin í Ármúla mældist þá hæst með 81,9 stig. Aðrar verslanir Símans fylgdu þar fast á eftir.

### Ábyrg aðfangakeðja

Við stöndum ekki einungis vörð um ábyrga starfshætti okkar heldur gerum kröfu um ábyrga starfshætti samstarfsaðila okkar.

Við leitumst við að tryggja að birgjar okkar starfi með samfélagslega ábyrgum hætti og stýrum innkaupum okkar í samræmi við það. Með þessu móti leggjum við okkur fram um að styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda og fullvissa okkur um að gerast ekki meðsek um mannréttindabrot. Við veljum frekar þá birgja sem ljóst er að vinna af heiðarleika og hafa gott siðferði í fyrir-rúmi gagnvart fólki og umhverfi.

Við erum jafnframt reiðubúin að veita viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum eins greinargóðar upplýsingar og unnt er um okkar ábyrgu starfshætti, bæði um okkur sem birgja og sem viðskiptavini birgja.

Ofangreindum áherslum var fyrst og fremst hrint í framkvæmd á árinu 2013 í gegnum viðræður, fyrirspurnir og skrifleg svör til nokkurra birgja og samstarfsaðila. Stefnan er sett á að gera þetta með markvissari hætti og því er eitt af áhersluverkefnum ársins 2014 að setja saman viðmið um ábyrg innkaup sem ber að fylgja í hvívetna.

## Þjónustuáherslur 2014

.....

- Uppbygging innviða
- Netvarinn
- Námskeið um siðareglur
- Námskeið um samkeppnisrétt
- Ábyrg innkaup



## Mannauður

Það er hluti af samfélagsábyrgð fyrirtækis að hlúa að mannauði sínum - samfélaginu innan fyrirtækisins. Ábyrgðin gagnvart mannauði Símans felst einna helst í því að skapa góðan vinnustað þar sem fólk nýtur sín og fær jöfn tækifæri. Stefna Símans kveður á um jafnrétti í orði og á borði meðal starfsfólks og að það geti vaxið og styrkst í starfi. Viðmið UN Global Compact er varða vinnuvernd og mannréttindi eru hluti af íslenskri löggjöf sem Síminn einsetur sér að fylgja í hvívetna.

Í lok árs 2013 störfuðu 877 starfsmenn hjá Skiptasamstæðunni í 796 stöðugildum, 590 karlmenn og 287 konur. Ójafnt kynjahlutfall endurspeglar að einhverju leyti þá staðreynd að stór hluti starfsmanna vinnur í tæknistörfum þar sem karlar eru í miklum meirihluta. Meðalstarfsaldur innan samstæðunnar var 10,7 ár en árið 2013 náðu 34 starfsmenn þeim merka áfanga að hafa starfað í 40 ár eða lengur hjá samstæðunni. Starfsmannavelta síðasta árs var um 18% og venju samkvæmt var starfsmannaveltan mest í sölu- og þjónustuveri ásamt verslunum en umtalsvert minni velta var í öðrum deildum.

### Aukin fræðsla

Mikil áhersla var lögð á að byggja upp fræðsluframboð fyrir starfsmenn að nýju eftir samdrátt í fræðslumálum árin á undan. Ber þar fyrst að nefna markvissa þjálfun stjórnenda auk þess sem mikil áhersla var lögð á fræðslu starfsmanna um samkeppnisreglur og öryggismál. Unnið hefur verið markvisst í öflugri þjálfun framlínustarfsmanna sem hefur skilað sér í góðri þjónustuvísitölu Símans en met var slegið í nóvember þegar þjónustuvísitalan náði 74,6 stigum. Boðið var upp á fjölda almennra námskeiða sem ætluð voru öllum starfsmönnum. Stefnt er að enn frekari uppbyggingu í fræðslumálum með því að marka skýra fræðslustefnu.

### Öflug fyrirtækjamening

Rík áhersla var lögð á að byggja upp og viðhalda sterkri fyrirtækjameningu. Unnið var að því að halda uppi góðum starfsanda með ýmsum viðburðum og uppákomum. Vel heppnuð árshátíð og hátíðleg aðventustund ásamt fjölmörgum og fjölbreyttum innanhússviðburðum brutu upp hversdagsleikann og lyftu starfsandanum. Áhersla á jafnvægi milli vinnu og einkalífs, ráðgjöf og stuðning við starfsmenn og stjórnendur og starfsþróunarmöguleika hefur skapað góða umgjörð sem hefur aukið ánægju starfsmanna en árið 2013 voru um það bil 35% allra ráðninga innan samstæðunnar innanhússráðningar. Aukna ánægju má meðal annars greina í niðurstöðum árlegrar vinnustaðagreiningar sem sýndi aukna starfsánægju en árið 2013 hækkaði heildaránægja samstæðunnar úr 3,8 í 4,19 á milli mælinga eftir að hafa staðið í stað síðustu þrjár mælingar þar á undan.

### Mannauðsáherslur 2014

- Fræðsla, námskeið og viðburðir
- Betri upplýsingagjöf
- Markmiðasetning í jafnréttismálum
- Frekari innleiðing Jafnlaunastaðals



## Umhverfisvernd

Mikilvægt er að huga að áhrifum allrar starfsemi Símans á umhverfið og gera reksturinn eins umhverfisvænan og unnt er. Þetta tengist lykilhæfni í stefnu fyrirtækisins varðandi rekstur, þ.e. ástundun faglegs og agaðs reksturs og skynsöm nýting auðlinda. Þetta er í takt við þau viðmið UN Global Compact sem snúa að umhverfinu og miða að því að draga úr umhverfisáhrifum í rekstri fyrirtækja.

### Umhverfisvernd starfsmanna

Áherslur Símans í umhverfismálum fela í sér að hugað sé að umhverfinu í innkaupum, orku- og efnisnotkun sem og flokkun sorps. Í starfseminni er því haft að leiðarljósi að halda hagkvæmni og nýtni í hámarki. Ýtt er undir umhverfisvæn vinnubrögð starfsfólks, m.a. í orku- og efnisnotkun, sorpflokkun og samgöngumálum.

Á árinu 2013 voru lagðar línur fyrir umhverfisvænni starfsemi dagsdaglega. Þannig var kortlagt hvað mætti betur fara, svo sem varðandi pappírnotkun, sorpflokkun og notkun á einnota drykkjarumbúðum.

### Samgöngusamningur

Ákveðið var að bjóða starfsfólki að skrifa undir samgöngusamning um umhverfisvæna samgöngumáta til og frá vinnu og fá greiddan fjárstyrk á móti. Markmiðið með samningnum er að efla vistvænan ferðamáta starfsfólks til hagsbóta fyrir umhverfið. Með þessu er jafnframt hugað að heilsueflingu starfsmanna og þannig stuðlað að bættri heilsu og vellíðan þeirra. Fyrirmyndin er sótt til nokkurra annarra fyrirtækja á Íslandi sem hafa tekið upp samskonar samgöngusamninga.

Samgöngusamningurinn tók gildi í október og hafði 61 starfsmaður Símans undirritað hann í árslok. Með samningnum skuldbindur starfsmaður sig til þess að koma til vinnu hjólandi, gangandi eða í strætisvagni a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Til viðbótar við samgöngusamninginn hefur starfsfólk Símans notið afsláttarkjara af strætófargjöldum og verið þannig hvatt til þess að velja annan samgöngumáta en einkabíl.

### Umhverfisvernd í samfélaginu

Viðskiptavinir Símans eru hvattir til þess að huga að umhverfinu þegar kemur að búnaði og þjónustu okkar. Við hvetjum til endurvinnslu á fjarskiptabúnaði og bjóðum fólki þjónustu sem getur sparað því ferðir og pappírnotkun og þannig dregið úr mengun og sorpi.

### Umhverfisáherslur 2014

- Betri sorpflokkun
- Samgöngusamningar
- Aðstaða hjólandi/gangandi
- Margnota drykkjarílát

### Græn framtíð farsíma

Í verslunum Símans er tekið á móti farsímum til endurnýtingar og endurvinnslu allt árið um kring. Fyrirtækið Græn framtíð annast flutning á símtækjunum til vottaðra endurnýtingarfyrirtækja erlendis.

Í öllum farsímum er að finna spilliefni, svo sem blý og arseník. Þessi efni valda engum skaða þegar farsíminn er í notkun en þau geta valdið skaða í umhverfinu ef gömlum og ónýtum farsíma er ekki eytt með réttum hætti.

Gríðarlegur fjöldi farsíma er seldur á Íslandi ár hvert enda skipta farsímanotendur reglulega út gömlum farsímum fyrir nýja. Þrátt fyrir að fólk skipti um farsíma eru gömlu tækin í mörgum tilvikum enn heil og hægt að nýta á ýmsan hátt. Sömuleiðis nýtast biluð tæki og ónýtt sem varahlutir í önnur tæki eða í framleiðslu á öðrum búnaði.

### Farsímasöfnunaráttak

Síminn, Græn framtíð og Pósturinn efndu til farsímasöfnunaráttaks meðal landsmanna 6.-16. desember 2013. Vakin var athygli á mikilvægi þess að koma farsímum og öðrum raftækjum í endurnýtingu og endurvinnslu með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Söfnunin hlaut afar góðar viðtökur því alls söfnuðust 16.369 farsímar. Andvirði símanna rann til góðra málefna og voru fjögur sett í fókus: Hjálparsími Rauða krossins 1717, Stígamót, Skógræktarfélag Íslands og Samhjálp.

Samkvæmt greiningu Grænnar framtíðar spornaði söfnunin við mengun sem samsvarar 1.200.000 kg af CO<sub>2</sub>. Það er ígildi þess að brenna 514.000 lítrum af bensíni.

### Fókus á umhverfismál 2014

Betri sorpflokkun. Fræðsla og skýrar leiðbeiningar til starfsmanna um þau mál. Frekari innleiðing á samgöngusamningi með hvatningu til starfsmanna um þátttöku. Huga að betri aðstöðu fyrir fólk sem kemur hjólandi eða gangandi/hlaupandi til vinnu og stuðla að minni notkun á einnota drykkjarmálum.



## Samfélagsþátttaka

Síminn tekur virkan þátt í samfélaginu þar sem fyrirtækið starfar. Markmiðið með þátttöku í samfélagsverkefnum er að auðga lífið. Haft er að leiðarljósi að þátttaka í samfélagsverkefnum byggji á þeirri þekkingu og þjónustu sem er til staðar innan Símans. Styrkveitingar eru því fyrst og fremst í formi þjónustu í fjarskiptum og upplýsingatækni og áherslan er sú að styrkja íslensk líknar- og góðgerðarfélög með þessum hætti. Styrktarstefnan snýr einnig að því að gera starfsfólki kleift að láta gott af sér leiða og þannig auðga líf sitt og annarra.

### Stuðningur við fjölbreytt samfélagsverkefni

Um þrjátíu góðgerðar- og líknarfélög nutu mánaðarlegra fjarskiptastyrkja á árinu 2013. Auk þess stóð Síminn á bak við nokkrar símasafnanir, s.s. Á allra vörum, Fiðrildafögnuð UN Women og söfnunaráttak SÁÁ fyrir viðbyggingu við Vog.

Síminn var bakhjarl söfnunarhlaupsins Meðan fætturnir bera mig sem fram fór í Öskjuhlíð 1. júní. Starfsmenn Símans voru hvattir til þátttöku í hlaupinu og hlaupavörslu. Alls söfnuðust 987.400 kr. í sjóðinn Blind börn á Íslandi. Síminn hét einnig á starfsfólk sitt sem tók þátt í Reykjavíkumaraþoninu í ágúst, hvatti starfsmenn til að gefa blóð á vinnutíma og til að leggja Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur lið í styrktarúthlutunum fyrir jólin.

Síminn tók þátt í Geðveikum jólum með því að setja saman lag og myndband í jólalagakeppni 12 fyrirtækja til styrktar geðræktarmálum. Lagið var kynnt í útsendingum RÚV í desember og safnaði samtals 491.000 kr. Heildarsöfnunarupphæðin var 4.482.099 kr.

Annað árið í röð tók Síminn þátt í vitundarvakningu meðal framhaldsskólanema um tækifærin sem felast í tæknimenntun. Er þetta gert til þess að fjölga tæknimenntuðu fólki, ekki síst konum, í þau fjölmörgu störf sem skortir fólk með tæknilegan bakgrunn. Þetta er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Símans, Íslandsbanka, Össurar, Actavis, Nýherja, CCP, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Síminn studdi útgáfu Rauða krossins á Íslandi á skyndihjálpar-appi sem kennir landsmönnum að bregðast rétt við í neyð. Appið er gjaldfrjálst og hafa rúmlega 25.000 manns halað því niður.

Síminn studdi einnig við framkvæmd verkefna á sviði menningar og íþróttar, s.s. Reykjavík International Games, fótboltamót stúlkna sem kallast Símamótið, Hönnunarmars, Listahátíð í Reykjavík, Iceland Airwaves og Reykjavík International Film Festival.

.....  
**7.800**  
 .....

Gestir Símamótsins og aðstandendur þeirra flettu **30 þúsund** sinnum farsímavefnum, **m.simamotid.is**, sem er sá fyrsti sem gerður hefur verið fyrir fótboltamót ungmenna hér á landi.

## Höldum fókus

Árvekníatákið Höldum fókus var sett af stað með gagnvirku myndbandi á vefnum sumarið 2013 af Símanum í samstarfi við Samgöngustofu og framleiðslufyrirtækið Tjarnargötuna. Herferðinni var ætlað að undirstrika mikilvægi þess að ökumenn haldi fókus í umferðinni og láti ekki síma trufla sig meðan á akstri stendur. Herferðin gekk út á gagnvirkni á milli áhorfandans, myndbandsins sem tengt var við Facebook-prófil áhorfandans og farsíma viðkomandi. Í kjölfar myndbandsins birtist áskorun til áhorfenda um að halda fókus og gæta öryggis í umferðinni með því að láta ekki síma trufla sig við aksturinn.

Mikil dreifing varð á myndbandinu á samskiptamiðlum, heimsóknir inn á Höldum fókus herferðina námu um 230 þúsundum og til þess voru notaðar 145 þúsund tölvur. Rúmlega 25 þúsund manns tóku áskoruninni og um 35 þúsund deildu myndbandinu.

Árangurinn af Höldum fókus má tengja við rannsóknir sem hafa sýnt mælanlegan mun á milli ára hvað varðar viðhorf fólks og hegðun þegar kemur að símnotkun meðan á akstri stendur. Í viðhorfskönnun sem Capacent gerði fyrir Samgöngustofu í lok árs 2012 þar sem fólk var spurt hvort það tali oft, stundum, sjaldan eða aldrei í farsíma án handfrjáls búnaðar meðan á akstri stendur kom í ljós að innan aldurshópsins 18-24 ára sögðust 22% gera það oft. Í könnun sem gerð var í desember 2013, þ.e. eftir herferðina, mátti sjá afgerandi mun í þessum aldurshópi en þá var hlutfall þeirra sem sögðust tala oft í farsíma undir stýri komið niður í 8%.

Höldum fókus hefur hlotið nokkrar viðurkenningar, m.a. Almannaheillaverðlaun ÍMARK í samkeppni um íslensku auglýsingaverðlaunin 2013. Verkefnið bar sigur úr bitum í floknum „Besta markaðsherferðin á netinu“ þegar vefverðlaunin 2013 voru veitt af Samtökum vefiðnaðarins. Herferðin var jafnframt tilnefnd til verðlauna í floknum „Frumlegasti vefurinn“.

## Samfélagsmál í fókus 2014

- Fjarskiptastyrkir til líknar- og góðgerðarfélaganna
- Velvalin stærri samstarfsverkefni sem flokkast sem:
  - a) Góðgerðar- og árveknimál
  - b) Menning og íþróttir
  - c) Þekkingarmiðlun og nýsköpun

**Síminn hf.**

Ármúla 25, 108 Reykjavík, Ísland

Sími: 550 6000

[siminn.is](http://siminn.is)